

# Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskólans á Þórshöfn

Haldinn 18.nóv 2015 í Grunnskólanum kl 20.00

Fundarstjóri var formaður, Ólína Ingibjörg og fundarritari Hildur Stefánsdóttir.

## 1. Skýrsla stjórnar

Ólína fór yfir þá viðburði sem félagið stóð fyrir eða kom að á árinu. Góðar umræður um hvað var gott og hvað má bæta.

Hugmynd að vera með myndasýningu á kaffihúsi á skólaslitum.

Athugasemd að kaffibrauð á jólamarkaði sé óþarflega dýrt. Tillaga að lækka aftur t.d. með 3 fyrir 2 eða ódýrara fyrir börn.

Rætt um námskeiðshald á vegum félagsins og ákveðinn vilji til að hafa gott námskeið fyrir allan skólann í vetur, t.d. leiklist eða dans, leikhúsgervi, förðun, bogfimi, teiknimyndaforrit, tónlistforrit. Tillaga að hafa skoðanakönnun innan krakkahópsins um hvað þau vilja helst, etv skipt eftir aldurstigum.

## 2. Reikningar félagsins

Reikningar lagðir fram og samþykktir með fyrirvara um að skoðunarmenn fari yfir þá.

## 3. Kosningar

Skoðunarmenn reikninga: Vilborg og Elfa gáfu kost á sér til verkefnisins. Samþykkt samhljóða.

Kosning í stjórn: Úr stjórn ganga; Sigríður Ósk, Sóley og Eggert. Gengið til kosninga og hlutskarpastir eru Rúnar Þór 14 atkv, Hanna Margrét 10 atkv og Jón Rúnar með 6 atkv.

Kosning í skólaráð: Marta Uscio býður sig fram og samþykkt með lófataki.

## 4. Lagabreytingar

Stjórn leggur fyrir tvær breytingar á lögum félagsins.

Að 4.grein verði eftirfarandi:

Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að þar af sé einn sem einnig hefur verið kosinn í skólaráð. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, þrjú annað árið og fjórir hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og fjórum meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn samtímis.

Að í 6.grein breytist október í nóvember, þannig að ný stjórn sé ekki að taka við keflinu fyrr en eftir jólamarkað.

Breytingarnar voru bornar upp á fundi og samþykktar samhljóða.

## 5. Önnur mál

Viðburðardagatal foreldrafélagsins kynnt sem inniheldur áætlun um samstarf Grunnskólans á Þórshöfn og foreldrafélagsins.

Fundi slitið kl. 21.20